



Hjálpar okkur

Fer með okkur í göngutúr

Gefur okkur að borða

Huggar okkur

Segir að það má ekki meiða

Passar okkur

Góður kennari

Lætur okkur mála og gera listaverk og búa til fugla

Leikur við okkur

Les fyrir okkur

Hjálpar ef börnin meiða sig


Spilar við okkur

Hjálpar ef maður dettur úr tré

Leikskólinn
Vinagarður

Starfsáætlun
2023 - 2024

Gildi og leiðarljós leikskólans Vinagarðs



Leikskólinn Vinagarður starfar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar: Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Greinargerð leikskólastjóra | 3 |
| Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023..... | 5 |
| Umbótaáætlun Vinagarðs 2023-2024 | 7 |
| Innra mat Lambagarðs – deild fyrir börn 1-2 ára | 9 |
| Innra mat Ungagarðs – deild fyrir börn 2-3 ára..... | 10 |
| Innra mat Grísagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára..... | 11 |
| Innra mat Kópagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára | 12 |
| Innra mat Uglugarðs – deild fyrir börn 4-5 ára..... | 13 |
| Innra mat sérkennslu..... | 14 |
| Innra mat – fjöltyngd börn..... | 14 |
| Umbótaáætlun sérkennslu og fjöltyngdra barna 2022-2023 | 15 |
| Starfsþróunarsamtöl og fræðsla | 16 |
| Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 16 |
| Foreldrasamvinna | 17 |
| Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 18 |
| Fylgiskjal 1 Umsögn stjórnar um starfsáætlun Vinagarðs 2023-2024 | 19 |

GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Starfsárið sem er að líða var farsælt í leikskólanum Vinagarði þar sem traust starfsfólk sinnti skólastarfinu af kostgæfni. Haustið 2022 kom nýr aðstoðarskólastjóri til starfa með fasta viðveru í stjórnun. Þessi breyting á stjórnun skólans var mikið framfaraskref sem hefur skilað sér í kraftmiklu fagstarfi, góðum rekstri og ánægðu starfsfólki. Við skólann var stofnað starfsmannafélag sem hélt úti fjölbreyttri dagskrá með viðburðum í hverjum mánuði sem tókust vel. Vorið 2023 fór starfsfólk í kynnisferð til Vestmannaeyja þar sem heimsóttir voru þrjár leikskólar sem þar starfa auk Eldheimasafnsins. Ýmsar nýjar hugmyndir komu eftir þessa ferð auk þess sem dýrmætt er að fá tíma fyrir umræðu, bæði við starfsfólk í öðrum leikskólum sem og innan okkar hóps.

Vinagarður hefur búið að góðum kjarna fagfólks og reynslumikils starfsfólks sem er þakkarvert. Áfram hefur verið haldið að bæta starfsaðstæður og starfsumhverfi þar sem hæst ber að nýr vinnutími og nýtt fyrirkomulag vinnustyttingar reyndist sérlega vel. Að mati starfsfólks náðist að hámarka ánægju starfsfólks með fyrirkomulagið og lágmarka áhrif á daglegt starf. Námssamningur og almenn hvatning til náms hefur einnig skilað sér í því að næsta vetur stefnir í að 5 starfsmenn stundi nám í greinum sem nýtast leikskólanum, s.s. leikskólaliðanám, þroskaþjálfanám og kennaranám. Á starfsárinu hófst endurskoðun skólanámskrár með þátttöku allra í nærumhverfi skólans og er stefnt að því að ný skólanámskrá verði gefin út í september 2023 að lokinni rýningu og endurgjöf helstu hagaðila.


Öflugt innra matsteymi skólans hélt utan um innra matið sem við teljum mikilvægan lið í því að tryggja að mat á markmiðum og áherslum skólans sé markvisst og umbætur í skólastarfi byggir á niðurstöðum þess. Matsteymið skipa fulltrúar allra deilda og nú stendur yfir val á fulltrúa foreldra í það. Börnin eru líka mikilvægur aðili að mati á leikskólastarfinu og komu að þremur liðum í matsáætlun starfsársins. Matsteymi þróaði aðferðir til að meta kristilegt starf á öllum deildum skólans en annars voru ýmsir þættir skólastarfsins metnir samkvæmt áætlun þar um. Umbótaáætlun skólans fyrir komandi starfsár byggir því á traustum gögnum um starfið og markviss umbótaverkefni verða í gangi. Áhersla á innra mat fylgir vel þeim áherslum á gæðastarf sem menntastefna Reykjavíkurborgar leggur.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Kærleiksrik og uppbyggileg samskipti, hjálpssemi og virðing fyrir styrkleikum allra er þar lykilatriði. Börnin í Vinagarði tóku sem fyrr þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur komi náunginn við.


Á hverju starfsári er unnið með þema sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun eða tónlist. Þema starfsársins var moldin og var unnið bæði með moldina sjálfa jafnt í listsköpun og sáningu fræja sem og miklar rannsóknir og uppgötvanir á því lífríki sem á uppruna sinn í moldinni. Unnið var með sögur úr Biblíunni sem tengdust þemanu s.s. Sáðkorn bóndans og Mústarðskornið og stóra tréð. Elstu börnin héldu hugarflugsfundi í tengslum við þema vetrarins og ákváðu þannig viðfangsefni sín sjálf að miklu leyti. Yngri börnin höfðu til dæmis val um efnivið í sinni sköpun og gátu þannig fengið að tjá sínar áherslur og áhuga.



Leirormar í mold



Sögur um lurfur



Málað með mold

Leikskólinn er mikilvægt skólastig þar sem í gegnum leikinn er grunnur lagður að þroska og lífsgildum yngstu barnanna. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM&K, um trú, von og kærleika eru gott veganesti inn í framtíð þar sem allt er breytingum háð. Ég þakka starfsfólki hans fyrir framúrskarandi störf á árinu og fyrir að hafa skapað börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að þróa áfram leikskólastarfið í Vinagarði.

Hildur B. Svavarsdóttir og Hulda Björg Jónasdóttir leikskólastjórar

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR 2022-2023

Greinargerð um innra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|--|--|-----------------------------|--|
| Stjórnun skólans, daglegur rekstur, leikskólaþróun áætlanir | Starfsmanna-samtöl, starfsmanna-könnun, umræða matsteymis | Starfsfólk, foreldrar | <p>Styrkleikar: Stjórnendateymi er virkt og deilir upplýsingum eftir fundi til allra. Rekstur skólans er í jafnvægi og í samræmi við reglur um nýtingu fjármagns. Mikið af áætlunum hafa verið unnar á starfsárinu og kynntar starfsfólki. Starfsfólk er meðvitað um að verklag er til staðar hvað snertir slys, áreiti, áföll og tilkynningar til barnaverndar. Starfsmannasamtöl eru regluleg og nýtt sem grunnur að símenntunaráætlun. Starfsfólk telur góðan starfsanda ríkja.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Fara reglulega yfir rýmingaráætlun deilda. Hvetja allt starfsfólk til að efla sig í starfi. Innleiða starfsmannahandbók og áætlun um móttöku nýrra starfsmanna. Minna oft á markmið skólans um sálrænt öruggt vinnuumhverfi og hvetja starfsfólk til að leita til stjórnenda eða trúnaðarmanna ef á þarf að halda.</p> |
| Uppeldi, menntun og starfshættir, námssvið leikskólans, leikskóli fjölbreytileikans | Umræður deilda, viðtal við sérkennslustjóra, rýnihópur barna, foreldrakönnun | Starfsfólk, börn, foreldrar | <p>Styrkleikar: Starfsfólk sýnir umhyggju í samskiptum við börnin, beitir virkri hlustun og myndar tengsl við þau. Unnið er oft á dag með frásagnir, sögur, söng og ljóð og mikil sköpun er í leikskólastarfinu. Vel er haldið utan um stuðning við börn og honum sinnt af menntuðu og reyndu starfsfólki. Íhlutun er góð blanda af stuðningsstundum og stuðningi við barn á deild. Mikill meirihluti foreldra er ánægður með leikskólastarfið og markmið þess.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Skoða námsleiðir út frá hverju barni og hvernig viðfangsefni geta tekið mið af áhuga og hæfileikum barns. Auka við opinn efnivið á öllum deildum. Vinna markvisst með heimamenningu barna til að auka hlutdeild allra í barnahópnum. Innleiða nýja læsisstefnu. Skoða hvernig yngri deildir geti unnið markvissara með tækifæri barna til að njóta menningarupplifunar. Virkja foreldra betur í mati á framförum barna þeirra.</p> |
| Velferð og líðan barna, viðhorf foreldra í leikskólastarfi | Rýnihópur barna, starfsmannakönnun, umræða á deildum foreldrakönnun | Foreldrar, börn, starfsfólk | <p>Styrkleikar: Samhljómur um það að börnum líði vel í leikskólanum og séu glöð og áhugasöm í starfinu. Starfsfólk upplifir að samtöl þeirra við börnin séu uppbyggileg og hvetjandi. Foreldrar telja börnum sínum líða vel í starfinu og fá góðan stuðning til þroska og fjölbreytt tækifæri.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Skoða hvaða svigrúm börn hafa til að leysa sjálf úr ágreiningsefnum og hvort þau fái til þess verkfæri. Skoða hvort tilefni sé til þess að börn og starfsfólk geri samskiptasáttmála á deildum. Virkja foreldra til meira samtals um leikskólastarfið og uppeldishlutverkið.</p> |

| | | | |
|---|---|------------------|--|
| Innra mat, skipulag og gagnaöflun | Umræða matsteymis, starfsmanna-könnun | Starfsfólk | <p>Styrkleikar: Innra mat er í skipulögðum farvegi, matsteymi er virkt og þátttaka starfsfólks er regluleg yfir allan veturinn. Gögn eru fjölbreytt og raddir barna hafa sinn farveg, bæði af hendi matsteymis og deilda. Umbótaáætlun byggir á niðurstöðum innra mats og er framgangur markviss og metinn reglulega yfir starfsárið.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Foreldrar þurfa að hafa aðgang að skipulagningu mats og greiningu gagna, ekki gengið að fá sjálfboðaliða svo huga þarf að skipan fulltrúa. Meiri tíma til að kynna markmið og gagnaöflun fyrir starfsfólki. Koma í farveg mati og ígrundun á daglegu starfi.</p> |
| Þematískt mat: Kristilegar stundir | Greinargerð deildarstjóra, vettvangs-athuganir, rýnihópar barna | Starfsfólk, börn | <p>Styrkleikar: Kristilegar stundir skapa mörg tækifæri til umræðna við börnin, stundirnar styðja vel við gildi skólans um kærleika og vináttu. Stundirnar veita fjölbreyttum hópi starfsfólks tækifæri til að takast á undirbúning hópastarfs. Börnin hafa gaman af stundunum og stór hópur nær að tileinka sér góðan skilning á innihaldi og tengja við daglegt líf.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Skoða val á sögum fyrir veturinn; hentugleiki fyrir aldur og hvort það þurfi að tengjast þema, gildum eða áherslum. Auka vægi skapandi stunda. Skoða hópaskiptingar, bæði á deildum og sameiginlegum stundum. Skoða efnivið, aðgang að efnisveitu, hugmyndabanka með leikjum og spilum.</p> |

Greinargerð um ytra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|--|---|--------------------|--|
| Ytra mat frá skóla- og frístundasviði | Skil á gögnum, spurningalisti, heimsókn í leikskólann | Stjórnendur | Gögn skólans, umhverfi og aðbúnaður metin í góðu lagi. Engar ábendingar komu fram um tækifæri til umbóta. |
| Viðhorf foreldra | Foreldrakönnun á vegum skóla- og frístundasviðs | Foreldrar | <p>Styrkleikar: Mikil ánægja með líðan barna, innihald leikskólastarfsins og stuðning við barnið af hendi starfsfólks. Ánægja með upplýsingagjöf hækkar milli ára eins og að var stefnt.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Skoða leiðir til þess að foreldrar upplifi sig virkari þátttakendur í samstarfi um barnið. Kynna betur stefnu og starfsaðferðir skólans svo foreldrar geti gert sér raunhæfar væntingar um skólagöngu barnsins.</p> |

UMBÓTAÁÆTLUN VINAGARÐS 2023-2024

Umbótaáætlun skólans 2022-2023 var metin þann 5. júní 2023. Þeir þættir sem fóru áfram í neðangreinda umbótaáætlun 2023-2024 eru handbók um stuðning í leikskólanum og uppeldisfræðilegar skráningar. Endurskoðun á skólanámskrá, áætlanagerð, samræming undirbúningstíma kennara, mat á kristilegri fræðslu, endurskoðun á leikrými, verkefnum tengdum starfsanda og innleiðing á Völu lauk með fullnægjandi hætti.

| Umbótapáttur | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Mat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|----------------------|------------|------------|--|--|
| Uppeldis- og menntastarf | | | | | | | |
| Skipulag náms og námsaðstæður | Endurskoða útileiksvæði og útinám | Skráningar á leik á útisvæðum, stýrihópur gerir tillögur að skipulagi lóðar | Stjórnendateymi | Sept. 2023 | Júní 2024 | Skráningum skilað, tillögur hóps liggja fyrir | Stýrihópur leggi fram tillögur og röðun framkvæmda |
| Leikur og nám, lýðræði, þátttaka | Heimamenning – auka hlutdeild allra í barnahópnum | Skilgreina verkefnið, setja fram hugmyndir um framkvæmd | Deildarstjórar | Okt. 2023 | Maí 2024 | Fundargerðir og hugmyndir skilað í stjórnendateymi | Fyrir liggja skýrt verkefni sem deildir geta hrint í framkvæmd |
| Leikur og nám, lýðræði, þátttaka | Efniviður spegli fjölbreytileika | Yfirfara efnivið m.t.t. fjölbreytileika og jafnréttis | Stjórnendateymi | Ágúst 2023 | Des. 2023 | Hluti af deildavinnu í ágúst og janúar | Grisjun á efni og innkauparýni |
| Námssvið leikskólans | Kristileg fræðsla | Val á sögum, efniviður, hópaskiptingar | Skólastjórnendur | Ágúst 2023 | Sept. 2023 | Tillögur starfshóps liggja fyrir | Tillögum að breytingum skilað og þær innleiddar |
| Námssvið leikskólans | Menningarupplifun fyrir yngstu börnin | Hvernig yngri börn fái fleiri tækifæri til að upplifa menningarviðburði | Deildarstjórar yngri | Sept. 2023 | Des. 2024 | Tillögum skilað til stjórnendateymis | Tillögur um leiðir og hugmyndir að verkefnum skilað |
| Námssvið leikskólans | Læsisáætlun | Ljúka við læsisáætlun í samtali við stjórnendateymi, gera framkvæmdaáætlun | Stjórnendateymi | Ágúst 2023 | Des. 2023 | Útgáfa skjala | Útgefin áætlun og framkvæmdaáætlun liggja fyrir |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | Styðja við námshvöt og áhuga barna, þróun leiks | Deildir skoði tækifæri til þess að auka val í dagskipulaginu | Deildarstjórar | Sept. 2023 | Júní 2024 | Fundargerðir og tillögur af deildarfundum | Breytingar sjáist á dagskipulagi eða verkefnum |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | Auka skráningar | Fræðsla um uppeldisfræðilegar skráningar | Skólastjórnendur | Sept. 2023 | Júní 2024 | Fjöldi skráninga per deild | Skráningum skilað til stýrihóps. |
| Leikskóli án aðgreiningar | Handbók um stuðning gefin út | Ljúka við að skrá verkferla í stuðningi, gefa út handbók | Stjórnendateymi | Ágúst 2023 | Des. 2023 | Útgáfa skjala, kynningarstarf | Handbók útgefin, innleiðing hafin |

| Umbótaþáttur | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Mat | Viðmið um árangur |
|--|---|--|----------------------|------------|-----------|--|---|
| Leikskólabragur | | | | | | | |
| Þátttaka foreldra, upplýsingamiðlun | Samstarf leikskóla og foreldra | Taka þátt í þróunarverkefni MHÍ um stuðning og ráðgjöf við uppeldishlutverkið | Stjórnendateymi | Sept. 2023 | Júní 2024 | Þátttaka í verkefninu | Að leikskólinn hafi fylgt framkvæmdaáætlun og sé virkur þátttakandi |
| Velferð og líðan barna | Sjálfsstjórn og leysa ágreiningsmál | Skoða nánar verkefni Blær og Lausnaringurinn Samskiptasáttmáli deilda | Deildarstjórar | Sept. 2023 | Júní 2024 | Hvort verkefni hafi verið innleidd, könnun til stm | Samskiptasáttmáli sýnilegur á deildum, verkefni innleidd |
| Þátttaka foreldra, upplýsingamiðlun | Heimasíða leikskólans | Endurskoða allar undirsíður og upplýsingar um skóla | Skólastjórnendur | Sept. 2023 | Des. 2024 | Rýnihópar geri viðmótsprófanir | Niðurstöður viðmótsprófana |
| Stjórnun | | | | | | | |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir, verklag | Innleiðing nýrrar skólanámskrár | Fagfundir kennara, kynning og umræður starfsfólks, kynningar til barna og foreldra, stjórn félagsins | Leikskólastjórnendur | Okt. 2023 | Mars 2024 | Fundargerðir og-boð opinberar birtingar, könnun um sýnileika | Þátttaka í fagfundum og kynningum, meirihluti svarenda þekki og tileinki sér námskrá |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir, verklag | Innleiðing móttökuáætlunar fyrir nýtt starfsfólk | Móttökuáætlun kynnt í ágúst, ábyrgð úthlutað, skipulag fyrir nýtt starfsfólk gert | Stjórnendateymi | Ágúst 2023 | Des. 2023 | Viðtöl í lok annar við nýtt starfsfólk, umræða stjórnenda | Að nýtt starfsfólk finni sig fljótt í starfi, sátt um verkaskiptingu |
| Leikskólaþróun og símenntun | Að allt starfsfólk fái hvatningu til að efla sig í starfi | Finna svigrúm í dagskipulagi fyrir reglulega fræðslu, vekja athygli á námskeiðum, skýra námssamninga | Leikskólastjórnendur | Sept. 2023 | Júní 2024 | Fjöldi fræðslufunda, skráningar á námskeið, könnun til starfsfólks | Fleiri fræðslur hafi átt sér stað yfir starfsárið, fleiri í könnun sáttir við símenntun |
| Innra mat | | | | | | | |
| Opinber birting og umræður | Kynna niðurstöður innra mats | Gera fréttamola og senda út til starfsfólks og foreldra í tölvupósti og samfélagsmiðlum | Innra matsteymi | Sept. 2023 | Júní 2024 | Skoða fjölda fréttamola og viðbrögð | Að fleiri en 5 sinnum yfir starfsárið hafi fréttamoli birst |

INNRA MAT LAMBAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 1-2 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs snéru að umhverfi barnanna. Rými deildarinnar urðu betur nýtt eftir að stór húsgögn voru tekin út af henni en það var gert í byrjun haustannar. Sófi var fjarlægður og í hans stað kom stór notaleg gólfmotta og púðar. Við fengum inn lága stóla og borð í stað þeirra sem fyrir voru. Stór leikfangahirsla var tekin út og á döfinni er að fá inn hentugri hirslu. Þessar breytingar voru tvímælalaust til góðs og leikrýmið stækkaði svo um munaði. Það fer mun betur um börnin á gólfmottunni í samverustundum og þau sækja í að sitja eða liggja á henni þess á milli. Lágu stólarnir og borðin hafa einnig reynst vel og virkað valdeflandi á börnin og aukið á sjálfstæði þeirra. Þau virtust frá fyrstu stundu sæl með að geta sest hjálparlaust við borð þegar þeim lysti og eru yfirleitt áhugasöm um að koma sér í sætið sitt fyrir matmálstíma. Til að byrja með var notast við beisli í matmálstímum til að venja þau við að fara ekki af stólunum sínum en smám saman hefur verið minni þörf fyrir þau. Keypt var lítil klifurgrind (Pikkler) og rennibraut sem hafa mætt hreyfiþörf barnanna í inniveru.

Umbótaverkefni komandi starfsárs snúa að nýrri móttökuáætlun, umbótum á skipulagi kristilegra stunda eftir mat á þeim í vetur og ærslastundum. Á komandi skólaári viljum við bjóða foreldrum hvers barns að koma í foreldrasamtal skömmu fyrir aðlögun þar sem hægt verður að ræða upplýsingar um barnið í stað þess að ræða um barnið á meðan aðlögun stendur. Vikulega er boðið upp á kristilegar stundir og hafa þær gengið ágætlega. Hins vegar er ljóst að þar má finna ýmis tækifæri til umbóta. Hægt er að vinna kennsluáætlanir á markvissari og fjölbreyttari hátt og nýta námsgögn og efnisveitur betur.

| Umbótaþáttur | Umbótatækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---------------|------------|-----------|---|---|
| Faglegt samstarf | Gefa fyrstu foreldrasamtölum betri tíma | Bjóða foreldrum upp á viðtal utan aðlögunartíma | Deildarstjóri | Ágúst 2023 | Okt. 2024 | Nýjum foreldrum send könnun að lokinni aðlögun | Ef meirihluti foreldra segist vera ánægður með nýja fyrirkomulagið er markmiðinu náð. |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | Bæta skipulag og undirbúning fyrir kristilegar stundir. | Kennsluáætlun fyrir hverja stund. Auka fjölbreytni og kveikja áhuga | Deildarstjóri | Sept. 2023 | Jan. 2024 | Að kennsluáætlun liggi fyrir fyrir hvern tíma. Sjálfsmat starfsfólks. | Að vikulega hafi verið unnið eftir kennsluáætlun. Meirihluti stunda uppfylli viðmið. |
| Námssvið leikskólans | Innleiða ærslastundir | Skapa rými fyrir ærslaleik og útvega efnivið | Deildarstjóri | Sept. 2023 | Mái 2024 | Hvort ærslastundir séu í dagskipulaginu, efniviður til staðar. | Að þær hafi farið fram aðra hverja viku. |

INNRA MAT UNGAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 2-3 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs snéru að umhverfi barnanna. Fengin voru ný borð og nýir stólar í hæð barnanna. Þetta gerði það að verkum að börnin áttu auðveldara með að setjast sjálf við borð með þau leikföng sem þau kjósa sér að leika með hverju sinni og þau valdeflast einnig við það. Einnig var ákveðið að kaupa inn fyrir nýtt kósýhorn, þykka mottu og nokkra púða. Það gerði það að verkum að börnin sækjast í að leika þar, lesa bækur og þykir gott að setjast í þetta horn ef erillinn verður of mikill í daglegu starfi. Það sem við höfum einnig verið að vinna svólítið í þetta skólaárið er að merkja leikföngin og hafa dagskipulagið meira sjónrænt. Það hefur og mun í framtíðinni nýtast vel þeim börnum sem þurfa á því að halda, frekar en önnur, að sjá skipulagið sjónrænt en auðvitað munu öll börn á deildinni græða á því.

Umbótaverkefni komandi starfsárs snúa að nýrri móttökuáætlun og hópastarfi. Á komandi skólaári viljum við bjóða foreldrum hvers barns að koma í foreldrasamtal skömmu fyrir aðlögun þar sem hægt verður að ræða upplýsingar um barnið í stað þess að ræða um barnið á meðan aðlögun stendur. Einnig hefur verið ákveðið að hópaskipta börnunum í samverustundum og öðru skipulögðu starfi næsta vetur en með því er verið að koma betur til móts við hvert og eitt barn og veita því meiri athygli en ef allur hópurinn væri allur saman í samverustundum. Einnig er hópaskiptingin hugsuð til þess að styðja við sálrænt öryggi barnanna fyrstu mánuðina á nýrri deild.

| Umbótapáttur | Umbótatækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|--|--|---------------|------------|-----------|--|---|
| Faglegt samstarf | Gefa fyrstu foreldrasamtölum betri tíma | Bjóða foreldrum upp á viðtal utan aðlögunartíma | Deildarstjóri | Ágúst 2023 | Okt. 2024 | Nýjum foreldrum send könnun að lokinni aðlögun | Ef meirihluti foreldra segist vera ánægður með nýja fyrirkomulagið er markmiðinu náð. |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | Skipta hópunum meira í samverustundum og skipulögðu starfi | Búa til hópa sem fara saman í skipulagt starf, skipuleggja skiptistundir | Deildarstjóri | Ágúst 2023 | Mai 2024 | Ígrundun starfsfólks, mat á líðan og framförum barna | Ef betur hefur gengið að ná til barnanna í minni hópum í samverustundum hefur markmiðinu verið náð. |

INNRA MAT GRÍSAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs snéru að námsumhverfi og skipulagningu rýmis. Afmarkað var svæði þar sem börn geta sótt sér frið og ró til þess að skoða bækur og auka gæði stunda sem börnin verja þar. Lagt var af stað með að útbúa svæði kaupa grjónapúða, mottur og stóra kodka sem hentaði rýminu. Úr því var búið til kósí horn sem börnunum finnst gott að nota. Með því að setja mottur niður og kaupa púða hafa börnin nýtt sér að setjast niður í ró og næði með bók, nokkur saman eða bara ein þegar þeim langar það. Með því að skoða og fylgjast með því hvernig börnin nota svæðið með mjúku mottunni má sjá að þau njóta þess að setjast þar niður og eiga rólega stund. Rými deildarinnar jókst einnig við það eitt að fá ný borð og stóla, við það var hægt að afmarka svæðin betur með mottum.

Umbótaverkefni komandi starfsárs eru að auka sjónrænt skipulag fyrir alla, en næsta vetur verða nokkur börn með sérstakan stuðning á deildinni. Í kjölfar mats á kristilegri fræðslu verður unnið að því að auka fjölbreytni í þeim stundum svo sem með skapandi starfi. Haldið verður áfram með næðissvæði og endurnýja bækur og hirslur þar.

| Umbótapáttur | Umbótatækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|--------------------------------------|--|--|---------------|------------|------------|---|--|
| Skipulag náms og námsaðstæður | Auka sjónrænt skipulag | Fræða starfsfólk um mikilvægi sjónræns skipulags. Hafa myndir aðgengilegar. | Deildarstjóri | Sept. 2023 | Des. 2023 | Fá sérkennslustjóra til að meta skipulagið og framkvæmdina. Ígrundun starfsfólks. | Að starfsfólk skilji tilgang og sjái kosti við notkunina. |
| Námssvið leikskólans | Kristileg fræðsla | Auka fjölbreytni í fræðslunni. | Deildarstjóri | Okt. 2023 | Mars 2024 | Skráð verður niður fyrir hverja viku hvað er verið að vinna með. | Skráningin verður notuð sem viðmið um árangur. |
| Námssvið leikskólans | Auka gæði stunda þar sem börn eru að skoða bækur á eigin forsendum | Endurbæta bókakost svo hann passi betur aldri barnanna, einnig að fá góða hirslu | Deildarstjóri | Okt. 2023 | Apríl 2024 | Gera skráningar á viðveru og atferli barna á bókasvæði | Börn uni sér lengur með bækur og sæki í að skoða þær, sé val um leiksvæði. |

INNRA MAT KÓPAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs var að bæta leikrými og skoða leikefni. Fljótlega eftir áramót fengum við ný húsgögn, borð og stóla sem eru meira í hæð barnanna og taka ekki eins mikið pláss og við það öðluðumst við meira rými og börnin eiga auðveldara með að setjast við borðin. Við keyptum mottur og púða til að gera kósýhorn þar sem þau geta sest niður með bók eða til að slaka á og haft það notalegt. Þetta rými er þegar orðið mjög vinsælt og sækja þau mikið í það. Leikefni var grisjað og bætt við opnum efnivið. Einnig færðum við leikefni aðeins til, til að gefa því meira rými. Inn á baðherbergi var hurðin þangað inn fjarlægð og við það var auðveldara fyrir börnin að fara sjálf í fatakörfurnar sínar með aukafötunum og þar af leiðandi bjargað sér sjálf.

Umbótaverkefni komandi starfsárs Leikefni þarf að skoða betur og bæta með opnara leikefni í huga. Hlutverkakrúkurinn er vinsælastur hjá okkur núna og langar okkur að gera meira úr honum næsta vetur þar sem hægt er að skilja leikefni eftir og halda áfram að dýpka leikinn næsta dag í stað þess að þurfa alltaf að taka allt saman.

Til að meta starfið voru einnig lagðar spurningar fyrir börnin. Við tókum eina spurningu út til að skoða betur og var það spurningin „Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum“ Svörin voru mörg en það sem stóð upp úr og flestir völdu var að lita, mála og að leika í ponyhestunum. Þessi svör komu okkur ekki mikið á óvart og hafa þau verið sérlega áhugasöm að teikna og hafa líka orðið mjög miklar framfarir í teikningum barnanna í vetur.

| Umbótaþáttur | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|-------------------------------|---|--|---------------|------------|----------|---|---|
| Skipulag náms og námsaðstæður | Bæta leikrýmið og leikefnið í hlutverkakrúk og skoða annað leikefni á deildinni | Reyna að auðga leikinn í hlutverkakrúk, grisja leikföng og setja opnara leikefni þess í stað | Deildarstjóri | Sept. 2023 | Maí 2024 | Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu, nýtingu þess. Ræða við börnin. | Að breytingarnir verði til þess að leikurinn þróist og auki fjölbreytileikann og leikurinn fái að blómstra og rýmið nýtist betur fyrir leikinn. |

INNRA MAT UGLUGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 4-5 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs var að bæta aðstöðu og skoða efnivið í hlutverkakrók. Vegna forgangsstöðunar í stóla og borð fyrir börnin dróst að fá nýjan efnivið eftir grisjun en þó að efniviðurinn hafi verið lítill sem eftir var sóttu börnin samt í svæðið. Í matmálistímum var leitast við að gera matmálistímum jákvæðari og áhersla á sjálfshjálp svo sem með meðlæti á borðum, æfingar í að hella í glös og skera. Einnig var reynt að setja upp skilaborð þar sem börnin skafa af diskum og ganga frá. Starfsfólk var tilbúið að aðstoða ef á þurfti að halda.

Til að meta matmálistíman voru lagðar spurningar fyrir börnin, hér eru dæmi um það sem kom fram:

1. Hvað var skemmtilegast við matmálistímum (jákvæð upplifun)

- Að sækja matinn og fá grænmeti - Að fá sér grænmeti við borðið - Að skafa af disknum - Ánægður út af því ég get náð í matinn.

2. Hvað er leiðinlegast við matmálistímum (neikvæð upplifun)?

- Að skila disknum - Að skafa af disknum - Fara með glasið - Að fara í röð

Umbótaverkefni komandi starfsárs eru að fá vandaðan og opinn efnivið í hlutverkakrók með það að markmiði að gera leikinn meira skapandi og fjölbreyttari. Einnig er brýn nauðsyn á að bæta bókasafn deildarinnar, bæði til að lesa fyrir þau og fyrir þau að skoða. Aðgengilegri hirslur og betra skipulag.

| Umbótapáttur | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|--------------------------------------|--|--|-------------------------|------------|-----------|---|---|
| Skipulag náms og námsaðstæður | Bæta aðstöðu og skoða leikefni í hlutverkakrók | Endurnýja leikefni til þess að styðja við leikinn sem þar þróast og rýmið nýtist betur | Deildarstjóri | Sept. 2023 | Maí. 2024 | Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu, nýtingu þess. Ræða við börnin. | Að breytingarnir verði til þess að leikurinn þróist og auki fjölbreytileikann og rýmið nýtist betur fyrir leikinn |
| Námssvið leikskólans | Bæta bókasafn deildarinnar og skipuleggja það | Kaupa bækur og blöð, útfæra betri hirslur og aðgengi barna að bókakosti | Deildarstjóri, kennarar | Sept. 2023 | Maí. 2023 | Taka myndir fyrir og eftir, ræða við barnahóp fyrir og eftir, skrá nýtingu. | Börnin sækja meira í bækur en annað þegar val er í boði. Starfsfólk ánægt með bókasafnið. |

INNRA MAT SÉRKENNSLU

Mat á sérkennslu 2022-2023

Á liðnu starfsári fékk eitt barn stuðning í 1.flokki og þrjú börn minna hlutfall í 2.flokki. Sérkennslustjóri hélt utan um **málörvunarhópa** á deildum þar sem unnið var með hlustun, framburð, hljóðgreiningu, orðaforða og skilning. Sérkennslustjóri hefur haldið utan um skýrslugerðir vegna skólaskila og boðað til skilafunda með grunnskólum og frístundarheimilum til að mikilvægar upplýsingar komist á milli skólastiga. **Alls 23 börn hafa þurft íhlutun og þar af 12 fengið eftirfylgd og/eða ráðgjöf frá Norðurmiðstöð** ýmist sérkennsluráðgjöfum, hegðunarráðgjöfum, talmeinafræðingi og/eða sálfræðingum. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlanir út frá AEPS-listum og í samráði við deildarstjóra, verið tengiliður leikskólans og setið fundi með sérfræðingum og foreldrum. Undir vor var stofnað **lausnateymi** með deildarstjórum, sérkennslustjóra og sérfræðingum frá Norðurmiðstöð. Áætlað er að teymið hittist reglulega á 6-8 vikna fresti. Í vetur hefur starfshópur unnið að **læsisáætlun** fyrir leikskólann og hefur teymið sankað að sér töluverðu efni og skrifað texta. Sú vinna er nokkuð langt á veg komin.

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Ákveðið var að taka Efi-2 skimun á öllum börnum á fjórða aldursári og sá sérkennslustjóri um það. Við skráningar var AEPS-listinn notaður, orðaforðalisti Menntamálastofnunar hafður til hliðsjónar auk lista úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* og skráningarblöð sem tilheyra málörvunarefninu *Tölum saman*.

Hvaða matsgögn voru notuð? TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum, EFI-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og Hljóm-2 fyrir þau elstu. AEPS-listinn og einstaklingsáætlun unnin út frá því.

Hvaða námsefni var notað? Dæmi um námsefni sem notað var : *Lubbi finnur málbein*, efni úr *Lærum og leikum með hljóðin*, *Tölum saman*, *Ljáðu mér eyra*, efnið *Orðaleikur*, *orðanáms í leikskóla*, *Orðagull*, ýmis spil, bækur og heimagert efni. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri mátu ástand þess námsefnis sem er til stuðnings, flokkuðu og merktu.

INNRA MAT – FJÖLTYNGD BÖRN

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Fimmtán börn voru fjöltyngd eða með annað móðurmál en íslensku og fengu átta þeirra sérstaka málörvun með áherslu á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu. Kennslan fór fram aðallega í litlum hópum og í sumum tilvikum einnig í einstaklingsvinnu. Við skráningu var orðaforðalisti Menntamálastofnunar hafður til hliðsjónar auk lista úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* og skráningarblöð sem tilheyra málörvunarefninu *Tölum saman*. Túlkþjónusta er ávallt í boði fyrir foreldra sem geta ekki tjáð sig á íslensku og

leikskólinn útvegar viðeigandi námsgögn fyrir þennan hóp barna. Í vetur höfum við haldið áfram með að tileinka okkur *Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla*. Deildarstjórar eru enn að læra á og fíkra sig áfram í að nota þá. Hæfnirammarnir hjálpa okkur að halda betur utan um fjöltyngdu börnin og fylgjast með framförum þeirra í íslensku. Í vetur var starfshópur sem vann að því að gera móttökuáætlun fyrir öll börnin sem byrja í leikskólanum og útbjó hann gott móttökusamtalsblað til að nota við upphaf leikskólagöngu

Sem dæmi um daglega vinnu með orðaforða eru kennarar hvattir til að leggja orð á athafnir og hver kennari hvattur til að tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10 reglan). Málörvun er í gegnum “Lubbi finnur málbein” sem notað er á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og alltaf byggt ofan á eftir því sem börnin verða eldri.

Lesið er sérstaklega með barni sem er fjöltyngt eins og tók eru á og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Málörvunarhópar eru stöðugt í gangi þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu.

Til að meta framfarir barnanna er stuðst við orðaskil og orðaforða Menntamálastofnunar, TRAS, *Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* og Einn leikskóli, mörg tungumál.

Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu en reynt er að huga að öllum þáttum máls. Börnin eru hvött til þátttöku í samverustundum og leik með hinum börnunum og studd til þess.

UMBÓTAÁÆTLUN SÉRKENNSLU OG FJÖLTYNGDRA BARNA 2022-2023

| Umbótapáttur | Umbótatækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lok | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|-------------------------------|---|---|------------------|------------|-----------|--|--|
| Námssvið leikskólans | Ljúka við læsisáætlun | Ljúka við læsisáætlun með við stjórnendateymi, gera framkvæmdaáætlun | Stjórnendateymi | Sept. 2023 | Maí. 2024 | Útgáfa skjala | Útgefin áætlun og framkvæmdaáætlun liggi fyrir |
| Skipulag náms og námsaðstæður | Sjónrænt skipulag verði samræmt milli deilda | Finna góðar myndir og leið til þess að vinna með þær fyrir sjónrænt skipulag. | Sérkennslustjóri | Júní 2023 | Maí. 2024 | Myndir útprentaðar og plastaðar til notkunar | Aukið sjónrænt skipulag á deildum T.d. dagskipulag, fatamyndir í fatalefa og til stuðnings |
| Leikskóli margbreyti-leikans | Móttökuáætlun sé notuð við innritun og metið hvað má betur fara og hvað vantar. | Setja inn þá þætti sem vantar og laga það sem þarf í áætluninni. | Sérkennslustjóri | Sept. 2023 | Mars 2023 | Móttökuáætlun sé orðin til og hluti af handbók um stuðning | Ný og endurbætt móttökuáætlun sé til staðar og nýtt við innritun 2024 |

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í mars og apríl 2023. Samtölin snérust um samskipti á deildum, samskipti milli deilda og samskipti við stjórnendur. Einnig var rætt um hugmyndir um fræðslu og áhuga starfsfólks á námskeiðum. Eftir starfsmannasamtölin var unnin símenntunaráætlun og verða eftirfarandi áherslur í fræðslu í leikskólanum næsta vetur sem tengjast óskum starfsfólks, stefnu skólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Á skipulagsdögum:

- Innleiðing læsisáætlunar
- Um einhverfu
- Jafnréttishugsun og fjölbreytileiki
- Fræðsla um uppeldisfræðilegar skráningar
- Innleiðing nýrrar skólanámskrár
- Leikskólaheimsókn í nágrennið
- Fræðsla um kristilegt efni
- Fræðsla um samskipti á vinnustað

Fimm starfsmenn eru skráðir í fagnám í vetur; þroskaþjálfun, kennaranám, þroskaþjálfanám og leikskólaliðanám.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu Farsæl skil leik- og grunnskóla ásamt Langholtsskóla, Brákarborgar, Langholti og Sunnuás. Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynna áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynna Langholtsskóla. Samstarf við leikskóla og grunnskólahverfisins er sett niður á fundi í ágúst þar sem deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar grunnskólans tímasetja viðburði. Fastir liðir eru að elstu nemendur leikskólanna og nemendur í fyrsta bekk hittast á degi íslenskrar tungu í Langholtsskóla og syngja saman og fyrir hvert annað. Sami hópur hittist í desember til að leika sér á leiksvæði í Laugardal og fær sér kakó og piparkökur. Á vordögum fara þau börn sem fara í Langholtsskóla í haust í heimsókn í 1. bekk. Þar fá þau að kynna skólastofunni og vinna ýmis verkefni. Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóla hittist á leikjadegi á vordögum.

FORELDRASAMVINNA

Í Vinagarði er starfandi stjórn leikskólans sem einnig ber ábyrgð á rekstri skólans. Í mars er kosið í stjórnina á aðalfundi. Í henni sitja fimm einstaklingar þar sem stjórn KFUM og KFUK skipar einn fulltrúa og foreldrafélag leikskólans annan. Aðrir stjórnarmenn eru félagar í KFUM og KFUK. Stjórnarmenn eru yfirleitt alltaf einnig foreldrar í leikskólanum. Stjórnin hittist mánaðarlega á fundi þar sem farið er yfir starfið í leikskólanum, rekstur og ýmis verkefni. Stjórn leikskólans er jafngild foreldraráði samkvæmt lögum um leikskóla.

Foreldrafundir eru haldnir að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið og önnur mál rædd. Á vorin er nýjum foreldrum boðið til kynningarfundar, oftast í byrjun júní. Þá er stefna skólans og ýmis hagnýt atriði kynnt, starfsfólk deilda kynnt og fyrirkomulag á aðlögun. Foreldrar fá einnig að ganga um skólann og spyrja spurninga.

Foreldrasamtöl eru árlega í febrúar og mars. Þar er farið yfir nám og þroska barnsins, líðan og aðra hluti sem deildarstjóri/kennari telur mikilvægt að ræða auk þess sem foreldrar koma með sín málefni. Ef þroskamat eða skimun hefur farið fram er einnig farið yfir þær niðurstöður og hvernig unnið skal með þær.

Foreldrafélag er starfandi og eru allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Félagið skipuleggur ýmsa viðburði eins og haustferð í Vatnaskóg, jólasveinaheimsóknir, jólaball og vorhátíð. Einnig gefur foreldrafélagið öllum börnum bók í jólagjöf og stundum litlar gjafir til starfsfólks.

SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Leikskólinn Vinagarður**

| | AGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAJ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|------|--------------------------|---------------------------------|---------------------------|--------------------------------|-------------------------------|--------------------------------|--------------------------------|---------------------------|---------------------------|-------------------------|---|---------------------|
| 1 Þ | Sumarleyfi | 1 F | 1 S | 1 M | 1 F Fullveldisdagurinn | 1 M Nýársdagur | 1 F | 1 F | 1 M Annar í Páskum | 1 M Verkatýðsdagurinn | 1 L | 1 M |
| 2 M | Sumarleyfi | 2 L | 2 M | 2 F | 2 L | 2 Þ Skipulagsdagur | 2 F | 2 L | 2 Þ | 2 F | 2 S Sjómanna dagurinn | 2 Þ |
| 3 F | Sumarleyfi | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 S Jólabbal foreldraf. | 3 M | 3 L | 3 S | 3 M | 3 F | 3 M | 3 M |
| 4 F | Sumarleyfi | 4 M | 4 M | 4 L | 4 M | 4 F | 4 S | 4 M | 4 F | 4 L Opió hús | 4 Þ | 4 F |
| 5 L | | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 Þ | 5 F | 5 M | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 F |
| 6 S | | 6 M | 6 F | 6 M | 6 M | 6 L Prettláandinn | 6 Þ Dagur leikskólans | 6 M | 6 L | 6 M | 6 F | 6 L |
| 7 M | Friðdagur verslunarmanna | 7 F | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M Dagur tónlistarskólans | 7 F | 7 S | 7 Þ | 7 F | 7 S |
| 8 Þ | Skipulagsdagur | 8 F Dagur læsis | 8 S | 8 M Baráttudagur gegn einhelli | 8 F | 8 M | 8 F | 8 F | 8 M | 8 M | 8 L | 8 M Sumarleyfi |
| 9 M | | 9 L | 9 M | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F Uppstigningardagur | 9 S | 9 Þ Sumarleyfi |
| 10 F | | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 M | 10 L | 10 S | 10 M | 10 F | 10 M | 10 M Sumarleyfi |
| 11 F | | 11 M | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F | 11 S Dagur íslenska táknaðsins | 11 M | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 F Sumarleyfi |
| 12 L | | 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 Þ | 12 F | 12 M Bolludagur | 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 F Sumarleyfi |
| 13 S | | 13 M | 13 F | 13 M | 13 M | 13 L | 13 Þ Sprengidagur | 13 M | 13 L | 13 M | 13 F | 13 L |
| 14 M | | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M Öskudagur | 14 F Dagur stærðfræðinnar | 14 S | 14 Þ | 14 F Þjóðhátíð Vinag. | 14 S |
| 15 Þ | | 15 F | 15 S | 15 M | 15 F | 15 M | 15 F | 15 F | 15 M | 15 M | 15 L | 15 M Sumarleyfi |
| 16 M | | 16 L Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | 16 F | 16 M Dagur íslenskrar tungu | 16 Þ | 16 F | 16 L | 16 Þ | 16 F | 16 S | 16 Þ Sumarleyfi |
| 17 F | | 17 S | 17 Þ | 17 F | 17 M Afmæli Vinagarðs | 17 M | 17 L | 17 S | 17 M | 17 F | 17 M | 17 M Sumarleyfi |
| 18 F | | 18 M | 18 M | 18 L | 18 M | 18 F | 18 S Konudagur - upphaf Góu | 18 M | 18 F | 18 L | 18 Þ | 18 F Sumarleyfi |
| 19 L | | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 Þ | 19 F Bóndadagur - upphaf Þorra | 19 M Skipulagsdagur | 19 Þ | 19 F | 19 S Hvítasunnudagur | 19 M | 19 F Sumarleyfi |
| 20 S | | 20 M | 20 F | 20 M | 20 M Dagur mannréttinda barna | 20 L | 20 Þ | 20 M | 20 L | 20 M Annar í Hvítasunnu | 20 F | 20 L |
| 21 M | | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 S | 21 M | 21 F | 21 S | 21 Þ | 21 F | 21 S |
| 22 Þ | | 22 F | 22 S | 22 M | 22 F | 22 M | 22 F | 22 F | 22 M | 22 M | 22 L | 22 M Sumarleyfi |
| 23 M | | 23 L | 23 M | 23 F | 23 L Þortáksmessa | 23 Þ | 23 F | 23 L | 23 Þ | 23 F | 23 S | 23 Þ Sumarleyfi |
| 24 F | | 24 S | 24 Þ | 24 F | 24 M Aðfangadagur jóla | 24 M | 24 L | 24 S Pálmasunnudagur | 24 M | 24 F | 24 M | 24 M Sumarleyfi |
| 25 F | | 25 M | 25 M | 25 L | 25 M Jóladaur | 25 F | 25 S | 25 M | 25 F Sumardagurinn fyrsti | 25 L | 25 Þ | 25 F Sumarleyfi |
| 26 L | | 26 Þ Evrópski tungumáladagurinn | 26 F | 26 S | 26 M Annar í jólum | 26 F | 26 M | 26 Þ | 26 F | 26 S | 26 M Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ) | 26 F Sumarleyfi |
| 27 S | | 27 M | 27 F | 27 M | 27 M Skipulagsdagur | 27 L | 27 Þ | 27 M | 27 L | 27 M | 27 F | 27 L |
| 28 M | | 28 F | 28 L Fyrsti vetrardagur | 28 Þ | 28 F Skipulagsdagur | 28 S | 28 M | 28 F Skírdagur | 28 S | 28 Þ | 28 F | 28 S |
| 29 Þ | | 29 F | 29 S | 29 M | 29 F Skipulagsdagur | 29 M | 29 F | 29 F Föstudagurinn langi | 29 M | 29 M | 29 L | 29 M Sumarleyfi |
| 30 M | | 30 L | 30 M Jól í skókassa hefst | 30 F | 30 L | 30 Þ | | 30 L | 30 Þ | 30 F | 30 S | 30 Þ Sumarleyfi |
| 31 F | | | 31 Þ | | 31 S Gamliársdagur | 31 M | | 31 S Páskadagur | | 31 F | | 31 M Opnum 7. ágúst |

FYLGISKJAL 1 UMSÖGN STJÓRNAR UM STARFSÁÆTLUN VINAGARÐS 2023-2024

Stjórn leikskólans skipa:

Áslaug Dóra Einarsdóttir

Bára Sigurjónsdóttir, ritari

Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir

Berglind Ósk Einarsdóttir

Birgir Ásgeirsson, formaður

Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri

Sara Sigurðardóttir

Umsögn stjórnar:

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, stendur fyrir metnaðarfullu starfi drifið áfram af faglegum hópi starfsfólks og stjórnenda. Velferð barna er höfð að leiðarljósi í Vinagarði þar sem notalegt andrúmsloft er áberandi. Námið við Vinagarð býr börnum hollt og hvetjandi umhverfi.

Leikskólastjórar stjórna daglegum rekstri með þryði þar sem markviss, skipulögð og fagleg stjórnun og stefnuvinna er höfð að leiðarljósi.

Starfsáætlun Vinagarðs 2023-2024 er vel ígrunduð, metnaðarfull og raunsæ. Starfsáætlunin er byggð á vel unnu mati. Matið fór fram síðasta starfsár, hvort tveggja fyrir leikskólann í heild og einnig innan hvernar deildar þar sem sérstaklega var litið til námsumhverfis og kristilegra stunda. Matið er umbótamiðað og leggur faglegan grundvöll að endurbótum í starfi Vinagarðs. Niðurstöður matsins eru nýttar til raunhæfra, tímasettra og árangursmiðaðra umbátapátta fyrir næsta skólaár. Starfsáætlun Vinagarðs er innan ramma skólanámskrár leikskólans og helst í hendur við menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.